

9. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 22. maí kl 18:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Einar Ólafsson, ritari, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, Halla Karí Hjalted formaður tækninefndar kvenna, Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hópfimleikum

Jósep Húnfjörð meðstjórnandi, Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum og Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl 18:05.

Dagskrá

1. Erindisbréf lögð fram til samþykktar

Lagt er fram drög að erindisbréfi um starfshóp um endurskoðun á móta og keppnisreglum FSÍ.

Lagt er fram drög að erindisbréfi um starfshóp um öflun styrkja og úthlutun fjármagns til afreksstarfs

Lagt er fram drög að erindisbréfi um starfshóp um leiðir og útfærslu á vali í úrvalshóp í áhaldafimleikum

Lagt er fram drög að erindisbréfi um starfshóp um endurskoðun á hlutverki fararstjóra FSÍ

Lagt er fram drög að erindisbréfi um starfshóp um ásýnd og ímynd keppenda á mótum FSÍ.

Samþykkt. Erindisbréfin samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda erindisbréfin á fulltrúa í starfshópum og fela formönnum að hefja vinnu.

Axel Bragason mætir kl 18:15

2. Tillaga um úthlutun styrkja til afreksmanna sem keppa fyrir hönd Íslands á Evrópumeistaramótum 2012.

Verkefnastjórar í áhaldafimleikum og hópfimleikum leggja til að Arion banka styrkur að upphæð 2.500.000 kr. fyrir árið 2012 verði skipt á milli keppenda sem taka þátt í Evrópumeistaramótum fyrir Íslands hönd á árinu 2012. Hver keppandi fær 35 þúsund kr. styrk sem kemur til lækkunar á kostnaði við keppnisferð á Evrópumeistaramót ársins 2012.

Um er að ræða 3 mót, EM karla (3 keppendur), EM kvenna (10 keppendur) og EM hópfimleika (54 keppendur) samtals 67 keppendur.

Tillaga þessi er ekki á nokkurn hátt fordæmisgefandi fyrir forgangsroðun verkefna sambandsins né hvernig fjármagni sé skipt milli afreksfólks eða afreksefna. Starfshópur sem ætlað er að skoða með hvaða hætti sé hægt að auka tekjur sambandsins til úthlutunar til afreksstarfs og forgangsraða verkefnum og gera tillögu um hvernig fjármagni sé skipt milli afreksfólks og afreksefna, er að störfum og þeim hópi er ætlað að skila inn tillögum til stjórnar fyrir 1. júlí.

Málið rætt

Tillag samþykkt einróma, framkvæmdarstjóra falið að tilkynna forráðamönnum keppenda á EM 2012 í áhaldafimleikum frá samþykkt þessari. Fimleikasambandið mun tilkynna opinberlega um styrk þennan í samvinnu við samstarfsaðila þegar þátttakendur á Evrópumeistaramóti 2012 í hóp fimleikum liggur fyrir

Bókun: Fyrir á þessu ári skrifaði fimleikasambandið undir tveggja ára samstarfssamning við Arion banka, þeim styrk er ætlað að koma til móts við afreksfólk Fimleikasambandsins. Eitt mikilvægasta verkefni FSÍ er að standa við bakið á afreksfólki sambandsins og með styrk þessum gefst tækifæri til að lækka þann kostnað sem keppendur og forráðamenn þeirra þurfa að greiða vegna Evrópumeistaramóta 2012. Aldrei hafa jafn margir fimleikamenn tekið þátt í Evrópumótum á einu ári fyrir Íslands hönd, mikilvægt er að vekja athygli á grósku fimleikaíþróttarinnar, því styrkur hreyfingarinnar felst í fjölda keppenda, velgengni á íþróttavelli og glæsilegum fulltrúum utan vallar og innan.

3. Samningur við fimleikafélagið Björk vegna Norðurlandamóts sem halda á 6. október nk. á Íslandi.

Framkvæmdarstjóri lagði fram drög að samningi við Fimleikafélagið Björk í Hafnfirði, þar sem Fimleikafélagið mun hafa vanda og virðingu að mótahaldi fyrir hönd FSÍ.

Málið rætt

Samþykkt að framkvæmdarstjóri skrifi undir samstarfssamning þennan við Fimleikafélagið Björk.

4. 27. Landsmót UMFÍ á Selfossi 2013.

27. Landsmót Ungmennafélags Íslands verður haldið á Selfossi dagana 4.-7. júlí 2013. Undirbúningur fyrir mótið er þegar hafinn en það verður haldið við fyrsta flokks aðstæður. Glæsilegur frjálsíþróttavöllur hefur verið byggður á Selfossi. Allar aðrar aðstæður til íþróttaiðkana eru mjög góðar. Á þingi FSÍ 2012 var eftirfarandi samþykkt gerð: „Þing FSÍ samþykkir að stjórn skipi undirbúningsnefna fyrir Landsmót UMFÍ sem haldið verði árið 2013. Á Landsmótinu sem haldið verður utan höfuðborgarsvæðisins taki allar greinar fimleika þátt.“

Málið rætt

Bókun:

Landsmót UMFÍ er ein stærsta íþróttahátíð sem haldin er á Íslandi á 4 ára fresti í júlí og stendur í 3 – 5 daga. Landsmótsnefnd skal skipuð af mótshaldara og stjórn UMFÍ. Hver sambandsaðili og íþróttabandalag skal skipa landsmótsnefnd og tilkynna forsvarsmann hennar til UMFÍ eigi síðar en 3 mánuðum fyrir mót. Fimleikar eru ein fjölmennasta íþrótt landsins og stunduð út um allt land undir merkjum félaga og íþróttabandalaga. Fimleikar hafa ekki verið eins sýnilegir á landsmótum UMFÍ eins og efni standa til, margar ástæður liggja á bak við þá staðreynd en betur má ef duga skal.

Mikilvægt er að skipa í undirbúningsnefnd FSÍ fyrir Landsmót 2013 sem hefur það hlutverk að skoða hvaða greinar fimleika eigi að sýna og keppa í á Landsmóti 2013. Leitað verður til TKV, TK, THF og nefnd um fimleika fyrir alla um fulltrúa í undirbúningsnefnd. Framkvæmdarstjóra er falið að leggja

fyrir stjórn erindisbréf vegna undirbúningsnefndar vegna Landsmóts UMFÍ sem haldið verður á Selfossi daganna 4-7 júlí 2013.

Fundi slitið 18:55